

Sp.

915. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa lagasetningu um náttúrugripasafn ríkisins.

Flm.: Steindór Steindórsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, í samráði við stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags, frumvarp til laga um náttúrugripasafn ríkisins og leggja það fyrir næsta Alþingi.

G r e i n a r g e r ð .

Á síðastliðnu ári gerðist það, að Hið íslenska náttúrufræðifélag afhenti íslenska ríkinu til eignar náttúrugripasafn sitt, sem það hafði átt og rekið frá stofnun þess, eða í rúm 50 ár. Mun félagið með þessu hafa viljað tryggja framhaldandi vöxt og viðgang safnsins, en það nú orðið svo stórt, að rekstur var félaginu ofviða.

Síðan gerðist það, að fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði tvo fasta starfsmenn að safninu, án þess nokkrar reglur eða lög væru til um stjórn þess og rekstur. Hvernig sem á það mál er lítið, getur það naumast talizt viðunandi, að ríkið taki að sér svo umfangsmikla stofnun sem náttúrugripasafnið, án þess að nokkur lög séu til um rekstur þess og stjórn. Má í því sambandi minna á, að lög hafa verið sett um stjórn annarra safna, svo sem Landsbókasafnsins. Er og furðu lítið öryggi, sem veitt er starfsmönnum safnsins, ef staða þeirra á algerlega að vera á valdi þess ráðherra, sem fer með menntamál á hverjum tíma.

Með tillögu þessari er því farið fram á, að sett verði lög, sem tryggja rekstur safnsins í framtíðinni, og stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags verði gefinn kostur á að vera með í ráðum um samningu þeirra.